

# Aðalfundargerð Textílfélagsins

Akureyri laugardaginn 14. maí kl. 20.00.

Dagskrá aðalfundar.

Venjuleg aðalfundarstörf.  
Kosning fundarstjóra  
skipun ritara  
skýrsla stjórnar  
skýrsla Korpunefndar  
skýrsla um hönnunarmars  
skýrsla sýningarnefndar  
ársreikningar

Önnur mál – opin umræða, Hvert vill félagið stefna, hugarflug um framtíð félagsins  
Léttur kvöldverður, kaffi og eftirréttur í boði Textílfélagsins.

Formaður félagsins Ásdís Birgisdóttir (ÁB) býður fundargesti velkomna og stingur upp á Arnþrúði Ösp Karlsdóttur (AÖ) sem fundarstjóra. Er það samþykkt.

AÖ stingur upp á Brynju Emilsdóttur sem fundarritara. Er það samþykkt.

ÁB flytur skýrslu stjórnar Textílfélagsins. Sjá meðfylgj.

Sigrún Shanko flytur skýrslu Korpunefndar. Sjá meðfylgj.

Björg Pétursdóttir flytur skýrslu um HönnunarMars. Sjá meðfylgj.

Ragnheiður Þórsdóttir fjallar um væntanlega félagssýningu Akureyri. Sjá meðfylgj.

Anna Guðmundsdóttir les reikninga félagsins. Eru þeir samþykktir.

- Önnur mál.  
Rætt er um fyrirkomulag sýningarinnar þ.á.m. sýningarskrá Kristveig og Helga Pálína taka að sér að sjá um hana. Hefal sér um útlit og hönnun, Kristveig um tölvuvinnslu og myndvinnslu.
- Þær munu leita tilboða en það eru tæpl. 400 þús til ráðstöfunar m.v. 38 þátt.
- Framkvæmd sýningarinnar. Stjórn sendi á sínum tíma fáeina punkta um framkvæmd sýningarinnar en fól að öðru leyti sýningarnefnd alfarið ábyrgð á ákvörðunum og framkvæmd sýningarinnar.
- Stefnumótun félagsins. Stefnt að sérstökum fundi með haustinu.
- Óskað er eftir að félaginu sé formlega tilkynnt um nýjar félagskonur þegar þær eru teknar inn.
- Hvernig má efla innbyrðis tengsl og stuðning félagskvenna. Mikil ánægja með norðurferð og heimsóknir á vinnustofur. Hvetja til slíkra ferða og samskipta oft. Skipuleggja markvissar heimsóknir á vinnustofur fyrir sunnan. Jafnvel mánaðarlega. Kynna Textíllistamann mánaðarins, sú býður á opna vinnustofu.
- Lagt er til að halda aðalfundi utan höfuðborgarinnar með reglulegu millibili. Lagt til að næst verði farið á Laugarvatn í húsnaði Kristveigar. Bjóða upp á workshop.
- Lagt til að efla tengsl milli Textílfélagsins og t.d. safna, með t.d. hönnunarverkefnum.
- Mikill áhugi er á textílferð erlendis og nú þegar eru tengsl til Indlands.
- Lagt er til að efla samstarf og samskipti erlendis t.d. með sýningum sbr. sýningin í Washington DC fyrir nokkrum árum.
- Nefndir eru skipaðar til að koma málefnum í farveg.

Laganefnd: Sigrún Shanko og Auður Vélsteins bjóða sig fram. Leita skal eftir einni til viðbótar.

Gagnabanki: (upplýsingar um félagskonur). Brynja og Björg hafa tekið að sér það verkefni og halda því áfram.

HönnunarMars: Björg og Bryndís vinna að undirbúningi næsta HönnunarMars og samstarfi við önnur fagfélög að tengdum verkefnum. Bjargey býður sig til samstarfs.

Viðburðadagatal: Skrá viðburði innan félagsins og koma á t.d. vinnustofuheimsóknum. Sigríður Elfa og Aðalbjörg bjóða sig fram til þessa.

Erlent samstarf: Ragnheiður Guðmunds, Sigrún Shanko og ÁB bjóða sig fram til þessa. Endurmenntun: Textílférfé til Indlands. Anna Guðmunds, Rósa Helgadóttir og Íris bjóða sig fram til þessa.

Gestir þakka norðankonum fyrir frábærar móttökur, dagskrá dagsins og kvöldverð.  
Fundir slitið.

# Skýrsla stjórnar Textílfélagsins 2010-11.

Skýrsla stjórnar flutt á aðalfundi Textílfélagsins 14.maí 2011, Akureyri.

Í stjórn 2010 til 2011 hafa setið

Ásdís Birgisdóttir, formaður

Anna Guðmundsdóttir, gjaldkeri.

Brynja Emilsdóttir, Bryndís Bolladóttir, meðstjórnandi

Björg Pjetursdóttir, meðstjórnandi og fulltrúi í Hönnunarmiðstöð

Starfsár stjórnar hófst eftir síðasta aðalfundi sem var 7. maí 2010.

Verkefni sem hafa verið hjá Textílfélaginu hafa verið:

- Textílverkstæðið Korpa – fljótlega eftir aðalfund 2010 var fundað með Korpunefnd til að fjalla um rekstur Textílverkstæðisins. Var þess farið á leit við stjórn að efla tenginu við Korpunefnd og tók því Anna Guðmundsdóttir sæti í nefndinni ásamt Helenu Sólbrá og Sigríði Ólafsd. Sótt var eftir því við SÍM að fella niður leigu yfir sumarmánuðina þar sem innkoma af útleigu verkstæðisins stóð ekki undir leiguverði. Var leigan felld niður í 3 mánuði. Stefnt er að því að vinna að nánari stefnumótun fyrir verkstæðið. Sigrún Shanko fjallar nánar um verkstæðið.
- Sýning 2011 Akureyri – ný sýningarnefnd. Var tekin ákvörðun um að skipa nýja sýningarnefnd vegna félagssýningarinnar sem fyrirhuguð er að halda á Akureyri. Nú skal hafa þann háttinn á að sýningarnefnd sé skipuð fyrir hverja sýningu þar sem sýningar ná oft yfir kjörtímabil en eðlilegra sé að hver nefnd beri ábyrgð á hverri sýningu. Var Anna Gunnarsdóttir og Ragnheiður Þórsdóttir skipaðar til að undirbúa og móta félagssýninguna. Ragnheiður fjallar nánar um sýninguna.
- Hönnunarmars - Þátttaka í Hönnunarmarsi hefur verið mjög góð en Textílfélagið tók þátt í annað sinn s.l. vetur. Björg Pétursdóttir mun fjalla nánar um það en hún er einnig fulltrúi stjórnar TÍ í stjórn Hönnunarmiðstöðvar.
- Samstarf við NTA – heimsókn Hrafnhildar og Ásdísar í okt, Ásdís og Hrafnhildur hafa sótt reglulega fundi til norðurlandanna vegna samstarfs við NTA, norrænu textílsamtökin. Hafa m.a. tveir íslenskir textíllistamenn tekið þátt í stórum sýningum, Bryndís Bollad. Og Ólöf Einarsdóttir í Borås haustið 2009. Mikill áhugi hefur verið hjá norrænum textíllistakönnum um að efla tengsl við Ísland en þar eins og hjá okkur hefur skort fjármagn og styrki til að efla það tengslanet. Hrafnhildi og Ásdís bauðst að taka þátt í verkefni s.l. haust í Svíþjóð sem fellst í því að koma á fót listamiðstöð og við það tækifæri voru haldnir fyrirlestrar um íslenskar textíllistakonur, Textílfélagið og Textílsetrið. Hefur staðið til um nokkurt skeið að halda textílþing á Íslandi og er það í vinnslu og skýrist á næstunni.
- Textílþing 2011. Var fyrirhugað að halda norrænt Textílþing á Blönduósi haustið 2011. Ekki fékkst styrkur til þess verkefnis en auk þess hefur formaður, Ásdís, hætt störfum hjá Textílsetrinu. Er það að skýrast á næstu dögum hvort að norrænar textíllistakonur munu samt sem áður fá styrk til að sækja okkur heim, ef svo er þá verður undirbúin dagskrá að því tilefni.
- Heimsókn á Myndlistaskóla Reykjavíkur. Stjórn TÍ óskaði eftir að fá kynningu á Textíildeild MR sem hóf starfsemi sína haustið 2010 og var félagskonum boðið að heimsækja deildina í mars 2011. Hildur Bjarnadóttir, deildarstjóri, kynnti starfsemiina með fyrirlestri og að honum loknum var aðstaðan skoðuð og spjallað við nemendur.

- Heimasíða og kynningarefni félagskvenna. Stjórn félagsins hefur unnið að því að gera Tí sýnilegra með ýmsu móti. Höfum við fengið afar góðar viðtökur og hrós fyrir starfsemi félagsins en teljum við samt þörf á því að yfirfara og endurnýja heimasíðu Tí og taka saman markvisst kynningarefni um félagskonur. Eitt verkefni er að útbúa eyðublað sem hver félagskona fyllir í ásamt myndefni og verði til kynningar félaginu t.d. á Textílverkstæðinu og heimasíðu félagsins. Þannig nýtist það efni einnig þegar þarf að halda fyrirlestra um félagið.
- Af öðrum verkefnum hefur stjórn rætt um nauðsyn á stefnumótun fyrir félagið og að einnig þyrfti að endurskoða og uppfæra lög Textílfélagsins.

Stjórn situr áfram óbreytt næsta árið.

Ég þakka stjórnarkonum fyrir frábært samstarf.  
Ásdis Birgisdóttir, formaður.

# Skýrsla frá textílverkstæðinu Korpu

## Aðalfundur 14. maí 2011

- Lítið að fréttu annað en að vefstóllinn hefur verið fjarlægður af vefkennarafélaginu og komið fyrir í geymslu. Framtíð hans er óráðin.
- Ekki mikið um útleigur á verkstæðinu. Sáráltil eftirspurn.
- Anna Guðmunds. Er komin inn sem leigjandi og Sigrún Lára Shanko hefur sagt upp vinnustofu sinni frá og með 1. maí með 3 mán. uppsagnarfresti.
- Sigríður Ólafs. og Sigrún Lára Shanko eru að leita sér að stærra húsnæði þar sem þær eru að fara í samstarf.
- Rekstrarfélagið lækkar leigu tímabundið til textílverkstæðisins vegna erfiðleika og samdráttar í þjóðfélaginu.
- Minna á opin dag sem er fyrsti laugardagur í mánuði og eru félagsmenn hvattir til þess að nýta sér það til að koma sér betur á framfæri.

Tekið saman af Sigrúnu Lára Shanko.

## Skýrsla frá sýningarnefnd vegna aðalfundar 2011.

- Þegar hafa 39 þátttakendur meldað sig á sýninguna sem er mjög gleðilegt þar sem þetta er fyrsta sýning Textílfélags Íslands á Akureyri. Ljóst er að sýningin verður á þremur stöðum í bænum; Ketilhúsinu, Mjólkurbúðinni og Menningarhúsinu Hofi og augljóslega mun verða býsna snúið að setja upp slíka sýningu.
- Hefur verið rætt um að fá sýningarstjóra til að setja upp sýningunna og mun sýningarnefnd skoða það nánar.
- Kostnaðarliðir sýningarinnar verða leiga á Mjólkurbúðinni, veitingar í Hofi og gerð sýningarskrár. Kristveig og Helga Pálinu hafa boðist til að sjá um þann þátt og senda frá sér nánari hugmyndir um það. Innkoma vegna sýningarinnar eru 12.000 kr. pr. þátttakanda og er ljóst að það myndi varla duga fyrir þeim fyrirsjáanlega kostnaði sem væri af sýningunni. Leita skal til stjórnar um að félagið styrki sýninguna eftir því sem hægt er.
- Sýnendur eru beðnar um að virða stærðartakvörkin þ.e. þrjá fermetra á hvern þátttakanda en jafnframt geta þær komið með óskir um á hvaða stað af þessum þremur þær vildu helst hafa sín verk.

Ragnheiður Þórsdóttir